

DESEMBER 1980 62

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Fréttir og félagsmál

Sannleikurinn er geisli frá hinni æðstu veru. *Helgi Pjeturss*



Útgefandi: Félag Nýalssinna.
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

Stjörnugrúi í Bogmannsmerki

(Sjá forsíðumynd)

Aldrei kemst mannshugurinn í nánara samband við alheiminn, en ef staðið er úti á heiðbjörtu vetrarkvöldi, og horft á hinn mikla sæg stjarnanna, sem blika svo fagurlega, hvert sem augum er rennt.

Vita skyldum við, að hver ein smástjarna, sem við lítum, er mikil veröld, ekki síður en okkar sól og reikistjörnur hennar. Ríki stjarnanna er heimur lífsins, þar sem milljónir mannkynja eiga sér heimkynni og milli þessara mannkynja eru lífsambönd á mismunandi stigum.

Myndin á forsíðu sýnir lítinn hluta vetrarbrautarinnar. Þetta stjörnuþykkni er í Bogmannsmerki, og eins og vel má sjá, eru hér einnig miklir gasmekkir, sem skyggja á hina lýsandi stjörnumergð. Talið er að í slíkum geimþokum séu stöðugt að myndast nýjar sólstjörnur, ásamt fylgihnöttum, sem síðar eiga fyrir sér að verða heimkynni lífs, a. m. k. sumir hverjir.

Ingvar Agnarsson.

Fréttir af félagsstarfi

Félagsfundur Mvd. 2. janúar 1980

Nokkrir félagar mættu en vegna fámennis var hann ekki settur eða haldinn skv. fundarskópum og fundargerð ekki skrifuð.

Þeir sem mættu töluðu saman um eitt og annað er snertir Nýalsmál og var góð eining meðal þeirra er þarna voru samankomnir.

I. A.

Félagsfundur 6. febrúar 1980

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna miðvikudaginn 6. febrúar 1980 að Álfhólsvegi 121 í Kópavogi og hófst kl. 21,00.

Páll Steinarsson, formaður félagsins setti fundinn og stjórnaði honum.

Ingvar Agnarsson las fundargerð frá 4. nóvember 1979 og var hún samþykkt.

Um fljúgandi diska. Þorsteinn Guðjónsson las upp grein sem birtist í Tímanum þann 1. febrúar sl. og skýrði frá skoðunum Nýalssinna í flugdiskamálum. Ýmsir tóku til máls eftir lestur þessarar greinar.

Páll Steinarsson talaði um flugdiska. Sagði hann frá því, að árið 1977, er hann var staddur í Svínahrauni í myrkri, á leið til Reykjavíkur, sá hann fjögur björt ljós yfir Reykjavík. Mynduðu þessi ljós beina línu, en þó dálítið hallandi. Nokkuð langt var á milli þessara ljósa og færðust þau allhratt til norðurs. Smámsaman færðust svo öll ljósin saman og mynduðu loks eins og eitt bjart ljós yfir Breiðholtinu.

Ýmsir tóku til máls og var minnst á að Félag Nýalssinna hefði eitt sinn haldið kynningarfund um fljúgandi diska í Norræna húsinu og að eitt af heftum Lífgeisla (nr. 4) hefði verið helgað þessu efni.

Halldór Vigfússon tók til máls og ræddi um geimskipamiðstöð eða flugdiskamiðstöð, sem staðsett væri í grennd við Satúrnus eða á bak við hann. Væri þessi stöð geisistór. Stundum væru sendir þaðan smærri flugdiskar til jarðar okkar eða í grennd við hana. Sjálfur kvaðst Halldór vita um þetta, fyrir hugsamband. Hann kvað þá ætla að bjarga mannkyninu, áður en það héldi of langt á helstefnubrautinni. Hann kvaðst oft sjá flugdiska á ferð á kvöldin um himingiminn, þegar bjart væri í lofti.

Halldór Pétursson sagði frá því, að fyrir skömmu hefði hann verið staddur í boði í húsi einu. Var þar rætt um Nýalsmál. Nokkrar konur, sem þarna voru viðstaddar, hrifust af þessum nýja skilningi á tilverunni, og sögðu honum ýmsar sögur af eigin reynslu, sem mjög kom heim og saman við nýalskan skilning. Halldór kvaðst hafa orðið þess var, að áhugi fyrir þessum málum hefði mjög aukist á síðari árum og að fólki líkaði vel að hlusta á nýalskar útskýringar.

Porsteinn Guðjónsson tók næstur til máls. Kvaðst hann yfirleitt ekki halda fram sönnunum fyrir þessum málum heldur ræða um hinn nýalska skilning á fyrirbærunum. Þannig má greiða fyrir batnandi samböndum með auknum skilningi. Sífellt er eitthvað að gerast sem vekur sérstaka athygli manna. Fljúgandi diskar t. d. vekja heimsathygli og það geta Nýalssinnar notfært sér.

Páll Steinarsson ræddi um rökfærslu, sannanir, flokkun og útskýringar á hinum ýmsu fyrirbærum og kvað nauðsynlegt að kynna sér rök og gagnrök, til að standa ekki berskjaldaður gegn ýmskonar athugasemdum, sem ávallt hlytu að koma upp meðal allra hugsandi manna.

Halldór Pjetursson sagðist hafa verið á miðilsfundum, þar sem Bólu-Hjálmar hefði komið fram. Sagðist hann löngu vera sáttur orðinn við alla, sem hann hafi verið ósáttur við, meðan hann átti heima hér á jörð. Hann sagði einnig að Rússar væru lengst komnir í því að sanna, að líf væri á öðrum stjörnum. Halldór kvaðst álíta, að nefna mætti opinberlega menn, sem komið hafa fram á miðilsfundum. Hann kvaðst álíta eðlilegt, að Guðspekingar, Spíritistar og Nýalssinnar ræddust við um þessi mál, því margt væri sameiginlegt, þótt skoðanir væru skiptar um skilning á hinum ýmsu fyrirbærum. Sameiginlegar umræður ættu að leiða til góðs.

Páll Steinarsson tók til máls og ræddi um vafasama skýringu að farið væri úr líkamanum, þótt slíkt væri álit margra. Páll sagði frá draumi á þessa leið:

Hann dreymdi, að hann var að gera við og færa til sláttuvél. En hún var þar, sem hún ætti ekki að vera, sbr. staðhætti heima hjá honum. Sól var að setjast, kvöldroðinn var fagur. Hann sá, að önnur sól var að koma upp í austri, og bar hún mjög skæra, bláleita birtu. Hann þóttist forða sér á bak við bæinn, og voru þar fyrir einhverjir félagar hans. Honum fór þá að skiljast, að hann var að dreyma. Spurði hann féлага sína um eðli þessa fyrirbæris.

Nokkrar umræður urðu um drauma Páls.

Ingvar Agnarsson sagði frá draumi þar sem hann sá þrjár hala-stjörnur á lofti, allar mjög bjartar og í beinni röð, hlið við hlið. En slík fyrirbæri eru óþekkt hér á jörð.

Útgáfa Lífgeisla og Félagsblaðsins. Ingvar bauðst til að halda áfram umsjón og útgáfu þessara rita í eitt ár enn. Nokkrar umræður urðu um þessi blöð og um útgáfu þeirra.

Páll Steinarsson bar fram svohljóðandi tillögu:

Félagsfundur í Félagi Nýalssinna haldinn að Álfrólsvégi 121, þann 6. febrúar 1980, ákveður að taka tilboði Ingvars Agnarssonar um umsjón og útgáfu Félagsblaðs Nýalssinna og Lífgeisla eitt ár héðan í frá.

Páll R. Steinarsson.

Tillagan var samþykkt af öllum viðstöddum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23,30. Níu manns sóttu fundinn.

*Ingvar Agnarsson,
fundarritari.*

Félagsfundur 31. mars 1980

Formaður setti fundinn. Ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Önnur mál:

Halldór Pjetursson gaf félaginu forkunnar fagran stein ættaðan úr fjallinu *Ólukku* í Stöðvarfirði. Halldór flutti ávarp við þetta tækifæri svohljóðandi:

„Til Félags Nýalssinna, Álfrólsvegi 121.

Steinn þessi er af okkur undirrituðum afhentur til minningar um dr. Helga Pjeturss á afmæli hans 31.3. 1980, ásamt þakk-læti fyrir hans mikla og göfuga starf á mörgum sviðum.

Steinn þessi er ættaður úr fjallinu Ólukku í Stöðvarfirði. Zeolíti að ætt, ef undirritaður greinir rétt, en sú ætt er frægust steina, vegna geislasteinsins, sem fluttir hafa verið út sem dýrgripir á söfn víða um heim.

I nefndu fjalli hafa fundist margir dýrmætir steinar, svo „við“ mun fyrir löngu afskrifað og þar gengið í rétta átt. Grenigrund 2a, Kópavogi 31.3. 1980.

Svava Jónsdóttir. Halldór Pjetursson.

Kjartan Norðdahl tók til máls og mælti á þessa leið: Kosning Guðm. Jónssonar sem gjaldkera er mér mikið ánægjuefni. Þakka Gunnari Grímssyni fyrir hans störf undanfarin ár. Á morgun verður fræðslufundur á Njálsgötu 40, um hugsanaflutning, hamfarir og huglækningar: Gunnar Grímsson og Helgi Guðlaugsson munu tala. Eftirleiðis verða fræðslufundir fyrsta fimmtud. hvers mánaðar á Njálsgötu. Aðgangur verður 1 þús. kr. upp í kostnað og rekstur hússins. Mitt sérstaka áhugamál er að koma upp bóksölu í skúrnum við hlið hússins. Þar gætum við haft á einum og sama stað ýmsar bækur erlendar og íslenskar um þessi málefni, almenn rit um líffræði og stjörnufræði o. m. fl. Ég finn þörf fyrir að slík bækur séu til á einum stað. Um lagalega hliðina höfum við nokkuð hugsað og mun það vera í lagi (Ægir Ólafsson, löglærður).

Pétur Gíslason kvaðst ekki vera á móti þessari hugmynd Kjartans. Bókasafn þarf að vera þar sem fólk á auðvelt með að ná til þeirra. Sérhæft bókasafn sem þetta verður mjög þarflegt. Heim-spekistefnur, bækur um þau efni eru spíritískar en ekki efnislegar;

þær liggja mikið í láginni. Kristin trúarbrögð benda alltaf á gallana á heimspekinni, en ekki það sem vel er. Þetta er galli. Hægt er að stuðla að bóklestri og útvegum bóka án þess að beinlínis sé um rekstur bókabúðar að ræða.

Þorsteinn Guðjónsson: Þar sem guð hefur skapað manninn hlýtur hann líka að hafa skapað vit í manninn. Þessvegna á maðurinn að nota vit sitt og skilja heiminn. Það er að vera á móti guði, að hafa á móti skilningi á heiminum. Fór á fund með nokkrum fræðimönnum. Þar var talað um hugsun manns eins og kemur fram í Önnur uppgötvasaga, án þess þó að minnst á málefni Nýals eða skilning Nýals. Það er hyggja mín að þessi stífla sé að byrja að breyta og að brátt fari að rofa til í þessum efnum. Ef tilfinning fer að vakna fyrir því að hér sé ekki um vonlaust verk að ræða þá má vænta árangurs.

Pétur Gíslason: Stefnur koma ýmsar sem ekki eru vísindalegar og munu hverfa. Eitt er eins stórt og vetrarbrautir og hefur áhrif á allt stórt og smátt. Það sem rennur inn í hverja lífveru, er alheimur í öllum vetrarbrautum. Eitthvað mikið stendur á bak við lífið. Það er guð. Það er óvísindalegt að vera trúlaus og guðlaus.

Fundi slitið kl. 23,20. Fundinn sátu um 30 manns.

Ingvar Agnarsson,
fundarritari.

Aðalfundur 2. apríl 1980

Aðalfundur Félags Nýalssinna var haldinn Miðvd. 2. apríl 1980 á Álfhólsvogi 121 í Kópavogi og hófst kl. 21,00.

Formaður félagsins, *Páll Steinarsson*, setti fundinn og stjórnaði honum.

Ingvar Agnarsson las fundargerð frá 6. febrúar sl. og var hún samþykkt.

Kjartan Norðdahl var ritari á marsfundinum, en af sérstökum ástæðum var hún ekki tiltæk nú til upplestrar, en Kjartan gerði grein fyrir aðalinntaki þess fundar.

Nýir félagar: *Halldór Gunnarsson*, Drápuhlíð 28, sími 26408 og *Hans Hafsteinn Þorvaldsson* (f. 25/8 1959), Reykjafelli, Austur-Eyjafjallahreppi.

Inntaka þeirra í félagið var samþykkt samhljóða.

Skýrsla formanns:

Páll Steinarsson minntist á nokkur atriði í starfsemi félagsins á liðnu starfsári.

- 1) Haldnir voru alls 9 formlegir félagsfundir, 2 féllu niður í júlí og ágúst í samræmi við fyrri fundarsamþykkt og desemberfundurinn var óformlegur vegna lítillar þátttöku.
- 2) Sveinn Haraldsson var húsvörður á Álfrólsvégi 121, eins og hann hefur verið frá byggingu stöðvarinnar, auk þess sem hann hefur haldið uppi miðilsstarfsemi að minnsta kosti vikulega og stundum oftar.
- 3) Starfsemi á Njálsgötu 40 var talsverð, miðilsfundir o. fl.
- 4) Á liðnu ári hefur Ingvar Agnarsson séð um útgáfu á Lífgeislum og Félagsblaðinu.
- 5) Bók Þorsteins Guðjónssonar „Líf er á öðrum stjörnum“ kom út árið 1973. Nú mun samtals hafa selst af henni um 3000 eintök.
- 6) Astrobiology, sömuleiðis eftir Þorstein Guðjónsson, kom út 1976, en af henni munu nú hafa selst um 1000 eintök, þar af um 600 eintök í Ameríku.
- 7) Draumar og svefn eftir Þorstein Jónsson kom út 1975. Af henni eru seld nokkur hundruð eintök.
- 8) Málþing Íslendinga, útg. 1979 hefur selst töluvert.
- 9) Guðirnir á Síríusi kom út 1978. Í henni er reytingsala, en ekki ör.
- 10) Nýall, útg. 1955. Í honum er alltaf nokkur sala, og eru tiltölulega fá eintök enn eftir óseld, en hann var upphaflega gefinn út í 2000 eintökum.
- 11) Landsala í Laugardal. Premur aðilum hefur þar verið selt land, þar af einum eftir rangri teikningu og er eftir að gera þar leiðréttingu.
- 12) Starfsemi í félaginu hefur verið talsverð. En betur má ef duga skal. Miklu meira þarf að gera og verður þar að byggja á framtaki einstaklinga og verður þar hver og einn að fá að njóta sín sem best. Með góðri verkaskiptingu gætum við vel komið ýmsu í verk og unnið samtímis að mörgum nauðsynlegum verkefnum, sem snerta málefnið. – Ekki skyldi vera samkeppnisandi meðal félagsmanna heldur samstarf og frjálst framtak hvers einstaks.

Efnahags- og rekstrarreikningur.

Gunnar Grímsson, gjaldkeri félagsins las upp efnahags- og rekstrarreikning félagsins fyrir árið 1979 og gerði grein fyrir hinum ýmsu liðum þessara reikninga. Voru bornar fram nokkrar fyrirspurnir til gjaldkera í því sambandi og sem hann svaraði og gaf nánari skýringar á ýmsum atriðum. Að loknum umræðum voru reikningarnir bornir undir atkvæði og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Skýrslur nefnda:

1. Húsnefndir:

- a) Þorsteinn Guðjónsson gerði grein fyrir starfseminni á *Álfhólsvegi 121*. Miðilsfundir hafa nær alltaf verið haldnir vikulega og oft aukafundir.

Fundur var haldinn þar sem Þorsteinn Gylfason var aðalræðumaður, en fyrirspurnir og umræður á eftir.

Allmargar stórar myndir hafa verið settar í einfalda ramma eða undir gler og hengdar upp á vegg í sal og á göngum. Allt eru þetta stjórnufræðilegar myndir og til mikillar þrýði.

Ýmsar smáskemmdir á húsum þyrfti að laga fyrir en seinna. T. d. er sprunga á einum vegg og í miklum rigningum lekur þakið stundum en líklega verður nokkuð kostnaðarsamt að laga það. Þá væri mikil þörf á að laga lóðina betur, bera þar mól á, og fylla að tröppum.

- b) Kjartan Norðdahl ræddi um starfsstöðina á *Njálsgötu 40*, en hann er formaður húsnefndarinnar þar frá sl. áramótum, þegar Helgi Guðlaugsson lét af því starfi. Starfsemi var talsverð á *Njálsgötu 40* og athafnamestur einstaklinga þar var Magnús Skarphéðinsson. Miðilsfundir voru haldnir reglulega. Sigríður Jónsdóttir var aðalmiðillinn, en hún er nú flutt vestur á land. En aðrir hafa tekið við hennar starfi. Nokkrir fræðslufundir hafa verið haldnir.

2. Ritnefnd:

Þorsteinn Guðjónsson talaði um hana nokkur orð en hana skipa: Ingvar Agnarsson, Kjartan Norðdahl og Þorsteinn Guðjónsson. Ingvar hefur séð um útgáfu *Lífgeisla* og *Félagsblaðs*, eins og áður sagði. Fundarstjóri bar þessa nefndarskipan undir atkvæði og var hún samþykkt einróma.

3) *Verzlunarnefnd:*

Hana skipa Magnús Skarphéðinsson, Helgi Guðlaugsson og Pétur K. Eysteinnsson. Hún hefur verið óstarfhæf og enginn úr henni er mættur hér nú.

4) *Landeignarnefnd.*

- a) Í henni eiga sæti samkv. kosningu á fundi í sept. 1979: Þorsteinn Guðjónsson, Guðmundur Jónsson og Olgeir Möller.
- b) *Kjartan Norðdahl* kvað nauðsyn vera á að flýta mælingu landsins í Laugardal.
- c) *Páll Steinarsson* kvað nauðsyn vera á að leiðrétta söluna til eins aðilans, sem fékk skakt útmælda spildu og taldi það eiga að leiðrétta milli þeirra, sem hlut eiga að máli.
- d) *Olgeir Möller* gat þess að seldu landi væri þegar þinglýst og bar fram þá spurningu, hvort hér væri ekki um mistök að ræða hjá sýslumannsskrifstofu, vegna ónógrar athugunar á málavöxtum.

Stjórnarkjör

Þrjú nýir menn skyldu kosnir í stjórn, í stað þeirra, sem nú ganga úr stjórninni. Aðeins einn listi kom fram, þar sem stungið var upp á mönnum í stjórnina. Þeir voru þessir:

Formaður: Páll Steinarsson, en hann hefur verið varaformaður síðastliðið ár.

Gjaldkeri: Guðmundur Jónsson, Kópsvatni, í stað Gunnars Grímssonar, sem nú lætur af starfi í þeirri stöðu.

Varamaður: Pétur Hermannsson.

Þessir nýju menn í stjórninni voru samþykktir einróma og boðnir velkomnir með almennu lófataki.

Endurskoðendur voru kosnir: Olgeir Möller og Ægir Ólafsson.

Formaður, Páll Steinarsson, þakkaði þeim, sem nú fara úr stjórn, fyrir gott starf á liðnu ári og minntist sérstaklega á Gunnar Grímsson í því sambandi, en hann hefur nú verið gjaldkeri félagsins í 2 ár.

Núverandi stjórn félagsins er því þannig skipuð:

Formaður: Páll Steinarsson.

Varaformaður: Guðni Þorvaldsson.

Gjaldkeri: Guðmundur Jónsson.

Ritari: Ingvar Agnarsson.

Meðstjórnandi: Pétur Kúld Eysteinnsson.

Varamenn: Pétur Hermannsson og Þorsteinn Guðjónsson.

Endurskoðendur: Olgeir Möller og Ægir Ólafsson.

Enn um nefndir:

Formaður gerði grein fyrir nefndum og hverjir væru í þeim:

Á fundi á Njálsgötu 40 í des. sl. var gerð tillaga um húsnefnd fyrir Njálsgötu 40, og stungið upp á eftirtöldum mönnum til eins árs:

Kjartan Norðdahl, Helga Guðlaugssyni og Gunnari Grímssyni.

Húsnefnd á Álfrólsvegi 121. Í henni eiga sæti, skv. tilnefningu 1978 og hefur hún verið óbreytt síðan, þeir: Þorsteinn Guðjónsson, Hafsteinn Jósefsson og Ingvar Agnarsson.

Formaður lagði til að **Ritnefnd**, **Landeignanefnd** og **Verslunarnefnd** verði kosnar á aðalfundi ár hvert, og vísaði til reglugerðar í því sambandi.

Samþykkt var að fresta kosningu Verslunarnefndar.

*Ingvar Agnarsson,
fundarritari.*

Lög Félags Nýalssinna

eftir breytingar gerðar 6/4 1977 (við 11. grein); og breytingar 5/4 1978 (við 8., 9. og 11. grein); og breytingar 7/4 1979 (við 4. og 8. grein). Engar breytingar gerðar 1980.

1. grein

Félagið heitir Félag Nýalssinna skammstafað F.N. og er heimili þess og varnarþing í Reykjavík.

2. grein

Tilgangur félagsins er að afla kenningum Dr. Helga Þjeturss fylgis meðal Íslendinga og annarra þjóða og leitast við, samkvæmt þeim, að ná auknu og sem bestu líf- og vitsambandi við lengra komna íbúa annarra hnatta.

3. grein

Innganga í félagið er öllum heimil, sem vilja vinna að markmiði þess. Inntökubeiðni skal vera skrifleg og sendist stjórn félagsins, er síðan leggur hana fyrir félagsfund. Þegar félagsfundur hefur samþykkt hana og viðkomandi greitt inntökugjald, er hann orðinn félagi með þeim takmörkunum sem um getur í 5. gr.

4. grein

Stjórn félagsins skipa fimm kjörgengir félagsmenn og tveir til vara. Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórnin skal halda fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Er stjórnarfundur lögmætur ef fjórir stjórnarmenn úr hópi aðal- og/ eða varamanna eru mættir.

Afl atkvæða ræður á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Á næsta fundi fyrir aðalfund skal stjórnin stinga upp á mönnum í stjórn næsta kjörtímabil. Á sama fundi geta félagsmenn borið fram uppástungur um aðra menn í stjórn.

Stjórnin skal kosin á aðalfundi og er kjörtími hennar tvö ár og hefst að lokinni kosningu.

Óheimilt er að kjósa sama mann í starf formanns nema tvö ár í senn, en meðstjórnendur má endurkjósa samfellt eftir vild. Kjör stjórnar fer þannig fram að annað árið eru þrír menn kosnir (meðstjórnendur og varamaður) og hitt árið formaður og þrír menn aðrir.

Komi fram tillögur um tvo eða fleiri menn í sömu stöðu, skal kjósa skriflega milli þeirra um hvert sæti fyrir sig, og ræður þar einfaldur meirihluti. Stjórnin fer með framkvæmdavald á milli funda.

5. grein

Félagsmaður öðlast atkvæðisrétt og kjörgengi til stjórnarstarfa þegar sex mánuðir eru liðnir frá inngöngu hans í félagið, enda hafi hann greitt inntökugjald og sé skuldlaus við félagið. Hafi félagsmaður eigi greitt gjöld sín s.l. þrjú ár ber að fella hann niður af félagsskrá.

6. grein

Félag Nýalssinna er landsfélag og geta allir í það gengið án tillits til búsetu. Þó skal reynt að stuðla að því að stofnuð verði svæðafélög í sem flestum kaupstöðum, sýslum eða landsfjórðungum. Verða slík svæðafélög sjálfstæð samtök með eigin lög og eigin fjárhag, hvert í sínu umdæmi, en leitast skal við að hafa sem nánasta samvinnu við slík félög og jafnvel skipulagsleg tengsl, þegar skilyrði hafa skapast til þess.

7. grein

Félagsfundir geta kosið nefndir til að framkvæma ýmsar greinar félagsstarfseminnar. Lúta þessar nefndir stjórn félagsins.

8. grein

„Félagsfundir hafa æðsta vald í málefnum félagsins. Tillögur um meðferð og ráðstafanir á eignum félagsins öðlast því aðeins samþykki að um þær sé fjallað á tveim lögmætum félagsfundum í röð og að þær hljoti stuðning tveggja þriðju hluta greiddra atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna. Til beggja þessara funda skal boðað með skriflegu fundarboði, þar sem greint er frá efni tillagnanna. Á fyrri fundinum skulu tillögurnar kynntar, en á síðari fundinum greidd um þær atkvæði. Um dagskrártillögur og annað varðandi daglegt starf og rekstur félagsins gildir einfaldur meirihluti á einum lögmætum fundi. Allar tillögur félagsfundar skulu vera skriflegar.“

Félagsfundi skal halda eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði og oftár, ef stjórnin telur ástæðu til. Þá skal hún og boða til fundar, ef fimm félagsmenn óska þess bréflega og rökstyðja þá ósk.

„Heimilt er þó að leggja niður reglubundna fundi í júní, júlí og ágústmánuði, ef ástæða þykir til.“

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. miðvikudag aprílmánaðar. Skal boða hann skriflega með dagskrá, með 14 daga fyrirvara. Hann er lögmætur ef hann er löglega boðaður, án tillits til fundarsóknar.

9. grein

Fyrir lok hvers árs skal stjórnin leggja fram tillögur á félagsfundi um umpphæð inntöku- og félagsgjalda næsta árs. Einnig aflar félagið sér fjár með frjálsum framlögum félagsmenna og annarra sem vilja styrkja starfsemi þess.

Félagsgjöld hvers árs skulu greiddast á tímabilinu 1. jan. til 1. okt. þess sama árs. Þeir sem ekki hafa greitt árgjaldið að þessum tíma liðnum teljast orðnir skuldugir við félagið en skulu þó halda fullum réttindum til aðalfundar næsta árs. Eftir það teljast þeir aukafélagar uns þeir hafa greitt skuld sína að fullu. Aukafélagar hafa rétt til fundasetu, málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt eða kjör-gengi.

10. grein

Stjórnin sér um að reikningsskil séu gerð árlega og skulu þau miðast við almanaksárið. Aðalfundur kýs tvo endurskoðendur og skulu þeir yfirfara reikninga og senda stjórninni skriflegar athugasemdir sínar, ef þeir hafa einhverjar að gera. Stjórnin leggur síðan reikningana fyrir aðalfund ásamt umsögn endurskoðenda.

11. grein

Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi og þarf til þess tvo þriðju hluta greiddra atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna. Tillögur um lagabreytingar skulu kynntar á félagsfundi eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.

12. grein

Sé félaginu slitið, skal þess farið á leit við Háskóla Íslands, að hann varðveiti eignir þess, uns stofnað hefur verið félag með sömu stefnuskrá og þetta félag hefur (sbr. 2. gr.). Fáist Háskóli Íslands ekki til að taka við eignunum með þessum skilmálum getur félagið ráðstafað þeim á annan hátt.

Félagsfundur 7. maí 1980

Félagsfundur var haldinn í Stjórnusambandsstöðinni, Álfrólsvegi 121, Kópavogi miðvikudaginn 7. maí 1980.

Ingvar Agnarsson setti fundinn kl. 21, í fjarveru formanns.

Ingvar las fundargerð síðasta fundar, 2. apríl og var hún samþykkt.

Nýr félagsmaður, Gunnar Hjörvar, Ásvallagötu 25, sótti um inntöku í félagið og var umsókn hans samþykkt af öllum viðstöddum.

Ingvar kynnti ræðumann fundarins, Dr. Arnór Hannibalsson, en hann er lektor í heimspeki við Háskóla Íslands og hefur stundað nám í heimspeki við háskóla bæði í Rússlandi og í Póllandi og hlaut doktorsnafnbót fyrir ritgerð um heimspeki Pólverjans Roman Ingarden. Þessu næst bað Ingvar Gunnar Hjörvar að taka að sér fundarstjórn og gerði hann það.

Dr. Arnór hélt síðan erindi er hann nefndi: „*Mannlegt líf gagnvart ásýnd dauðans*“. Á eftir erindinu gaf hann fundargestum færi

á að leggja fram spurningar. Urðu þær allmargar og svaraði hann þeim öllum á skilmerkilegan og fróðlegan hátt.

Var ræða Arnórs hin áhugaverðasta sem og umræðurnar sem á eftir fóru.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og lauk fundi kl. 23,30.

Fundinn sátu 23 menn.

*Ingvar Agnarsson,
fundarritari.*

*Aths.: Frásögn af þessum fundi birtist í
LÍFGEISLUM, 26. tbl., júní 1980.*

Félagsfundur 5. júní 1980

Miðvikudaginn 5. júní 1980 var haldinn félagsfundur í Félagi Nýalssinna að Álfrólsvægi 121.

Formaður, Páll Steinarsson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Lestur fundargerðar síðasta fundar sagði hann að yrði að bíða vegna fjarveru ritara. Og þar sem ekki væri um nein sérstök mál að ræða sem þyrfti að taka fyrir á fundinum, þá skyldu þar verða frjálssar umræður, um það sem menn helst hefðu í huga. Létu menn sér það vel líka, og snérust umræður ekki hvað síst um fyrirburðasögur ýmsar, bæði eigin reynslu viðstaddra og annarra. Og skulu þó þær umræður (og skýringar út frá Nýal á slíkrri reynslu) ekki raktar hér nema lítillega.

Þorsteinn Jónsson gat þess, að menn greindu ekki alltaf á milli svefns og vöku og sagði frá dæmi slíks, þegar Kristleifur Þorsteins-son var farþegi í vörubíl á ferð um Hvalfjörð og þóttist sjá hest hlaupa á undan bílnum, hnippir í bílstjóran og spyr hann hvort ætlun hans sé að aka á hestinn, en í því hrökk hann upp af svefnmókinu og áttaði sig á því að þetta hafði verið draumur.

Páll Steinarsson sagðist þá eitt sinn hafa orðið fyrir svipaðri reynslu. „Ég var á ferð í rútu“, sagði hann, „á Skeiðaveginum og sem ég horfði út um gluggann á rúttunni, þá sé ég að það stökkva fram hjá henni þó nokkuð margir hestar, og það eru menn að reyna að komast fyrir þá; þeir eru að sleppa þarna og það er einhver fjárhúskofi sem stendur svolítið aftur undan rúttunni. Mér finnst þetta eitthvað skrítið og fer svona að hvesa augun á þetta og þá hverfur þetta allt saman, hestarnir, mennirnir og fjárhúsin. Og

þar sem fremsti hesturinn var, þar var ósköp lítill þúfa, nákvæmlega eins og allar hinar þúfurnar og mér fannst hesturinn verða að þessari þúfu. Ég var löngu búinn að lesa Nýal þegar þetta gerðist og fannst mér þetta liggja algerlega ljóst fyrir. Þarna var draumsýn blandað inn í landslagið“.

Undir það tók *Þorsteinn Guðjónsson* og bætti því við að þetta varpaði líka svo góðu ljósi á þjóðsögur margar, þegar verurnar þar urðu að steini. Þá sagði Þorsteinn G. frá reynslu Guðmundar Kjartanssonar, jarðfræðings. En G. K. hafði sagt frá þessari reynslu sinni í útvarpsþættinum „Náttúrlegir hlutir“, á sínum tíma. Var G. K. þar að því er Þorsteinn sagði, að mæla á móti skyggisýnum, en hefði óvart mælt með þeim, því hann varpaði ljósi á þær, og beri frásögnin með sér hve góður athugandi Guðmundur hafi verið. Það var þannig, sagði Þorsteinn, að hann (G. K.) var í Hekluhraunum að rannsaka eftir gosið 1947. Og svo er orðið dálítið áliðið og þá sér hann allt í einu afar einkennilega sýn í miðju hrauninu. Og það eru 3 menn sem dansa þarna og láta allskonarskrípalátum, í miðjum Hekluhraunum um Jónsmessuleytið eða þar um bil. „Og hvað er nú að gerast, er ég nú orðinn vitlaus, eða er ég orðinn skyggn?“; segir hann.

Og hann fer að horfa betur eða ganga í áttina að þessu, og þá leysist þetta upp og verður bara að dýjamosa á einhverjum stað, sem þarna var raunverulega. Og þá þóttist hann sjá að flekkirnir höfðu verið einhverjar gufur eða tilbrigði, sem voru þarna upp af. Og þegar hann hafði gert þessa uppgötvun verður honum lítið upp í Heklu, sem var þarna dimm og gnæfandi fyrir ofan, og þá sér hann sömu náungana þar vera að dansa, og nú eru þeir orðnir tröllstórir, nærri eins og fjallið.

Og til skýringar bætti P. G. við eftirfarandi:

„Myndin, sambandssýnin, það var sama sýnin sem hann sá, hvort sem hann horfði á mosann eða fjallið, hann hélt áfram að sjá þessa menn. En það var stærð myndarinnar í heilabúinu sem réði. Þegar myndin varpaðist á fjarlægum stað, þá var það stórt, þegar hann var nálægt, þá var það lítið. Hann hélt að það hefði verið umhverfið, sem skapaði þessar sýnir, en hann athugaði ekki, að það var sama sýnin, sambandssýnin, sem hann sá og staðsetti í mjög mismunandi efnivið fyrir utan sig“.

Ýmsir fleiri tóku til mál á fundinum. 9 manns sóttu fundinn.

*Sveinn Haraldsson,
fundarritari.*

Félagsfundur júlí 1980

féll niður skv. áður gerðum samþykktum aðalfundar.

Félagsfundur ágúst 1980

féll niður og er það samkvæmt samþykkt aðalfundar.

I. A.

Félagsfundur 4. september 1980

Félagsfundur var haldinn að Álfrólsvogi 121 í Kópavogi, miðvikudaginn 4. sept. 1980 og hófst kl. 21,00.

Páll Steinarsson, formaður félagsins var fjarverandi. En Ingvar Agnarsson setti fundinn og bað Gunnar Hjörvar að taka að sér fundarstjórn, sem hann og gerði.

Þessu næst las *Ingvar* fundargerð frá 7. maí 1980 og var hún samþykkt.

Sveinn Haraldsson las fundargerð frá 5. júní 1980, og var hún samþykkt.

Guðmundur Jónsson á Kópsvatni las frásögn er birtist í tímaritinu *Súlur*, sem gefið er út á Akureyri. Frásögnin heitir „**Sýnir Óspaks**“, og er eftir Sigríði Schiöth, eftir frásögn Sigurlaugar í Brautarholti. Sagan gerist í Aðaldal í Þingeyjarsýslu. Sigurlaug var á ferð í myrkri um hraun, á hesti sem hét Óspakur. Allt í einu stansaði hesturinn, hræddur og skjálfandi. Sigurlaug varð að snúa við og fara aðra leið. Hún var á leið milli bæjanna Syðra-Fjalls og Ytra-Fjalls. Spurningin er: Hvað olli hræðslu hestsins?

Nokkrar umræður urðu um efni þessarar frásagnar:

Svafa Jónsdóttir sagðist hafa heyrt um hliðstæð atvik, að hestar hræðist, þótt menn sjái ekkert og verði einskis varir.

Guðmundur Jónsson kvað móður sína eitt sinn hafa verið á ferð, en er hún mætti hjónum einum í sveitinni, varð hestur hennar skyndilega hræddur og sú hræðsla fór ekki af honum, fyrr en þau voru komin fram hjá umræddum hjónum. Talið var að eitthvað fylgdi þessum bæ eða þessum hjónum.

Nokkrir fleiri tóku til máls um þetta efni.

Þing fyrirburðafræðinga: Þorsteinn Guðjónsson ræddi um þing fyrirburðafræðinga, sem haldið var í ágúst hér á landi, og fór fram í Háskóla Íslands. Hann mælti á þessa leið: „Ef deilt er á eitthvað, þá er það vegna þess að reynt er að leiða í ljós það sem er réttara. Hér á landi er mikill áhugi á slíkum fræðum, fyrirburðum, sýnum o. fl. Sennilega hefur þó orðið hér einhver afturför í þessum málum eftir 1950. Ég var í háskóla í Osló árin '62–'65 og þóttist ég glöggst finna að ekki myndi hlýða að koma fram með frásagnir af dulrænum fyrirbærum, svo sem fylgjum, draugum, sýnum o. þ. h. En eftir 1960 hefur orðið um nokkra framför að ræða, því þessi fræði hafa verið viðurkennd. Í sambandi fyrirburðafræðinga á Vesturlöndum eru hálærðir menn. Erlendur Haraldsson og Arnór Hannibalsson o. fl. Íslendingar sáu um undirbúning þessarar ráðstefnu hér á landi. En e. t. v. var ráðstefnan ekki eins mikill viðburður og ætla hefði mátt, eða búast hefði mátt við. Þar var sagt frá rannsóknum, en heimspeki var engin. Erlendir fundarmenn voru um 70–80, og ræðumenn um 40. Ekki var talað um fjarhrif og ekki kom fram skilningur eða tilraun til skilnings á slíkum fyrirbærum. Aðeins sagt frá hvað gerist. Háskólarektor og Ólafur Ragnar Grímsson töluðu og settu ráðstefnuna, sem stóð í 4 daga. Lettneskur prófessor talaði um líf eftir dauðann á þessa leið: „Einhvers staðar er sá framliðni; þá hlýtur skyggn maður að geta séð hann, og hann gæti orðið líkamningur ef hann magnaðist enn meir“. — Einn sagði: „Ólíkamlegir andar eru til“, og hann endurtók þessa fullyrðingu (Disembodied spirits), hvað eftir annað.

Að lokinni frásögn Þorsteins um ráðstefnu fyrirburðafræðinga, tóku nokkrir til máls og ræddu um þetta efni og beindu spurningum til Þorsteins, sem hann svaraði.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 22,35.

11 manns sátu fundinn.

Kl. 22,40 hófst útvarpserindi um stjörnufræði, og sátu allir áfram og hlustuðu á það efni, sem var að allra álitum fróðlegt og skemmtilegt. Síðan var setið og rabbað saman til kl. 23,30.

*Ingvar Agnarsson,
fundarritari.*

Félagsfundur 2. október 1980

Félagsfundur var haldinn í Stjörnusambandsstöðinni, Kópavogi, miðvikudaginn 2. október 1980.

Formaður félagsins, *Páll Steinarsson*, setti fundinn og stjórnaði honum.

Ingvar Agnarsson las fundargerð 4. september og var hún samþykkt.

Þorsteinn Guðjónsson las grein úr Setbergsannál og gerist sagan árið 1695. Þar segir frá dauða tveggja hesta á sérstökum stað við á eina. Guðmundur á Kópsvatni hafði léð Þorsteini þessa frásögn.

Síðan las hann greinina: „Hættulegir staðir“, eftir Kristleif Þorsteinsson, fræðimann á Stóra-Kroppi. Þarna segir frá dauða manna á ákveðnum stað í Svínadal og um afmögnun, sem menn á ferð reyndu síðar á sama stað.

Síðan las Þorsteinn grein úr Tunglsgeislum þar sem Þorsteinn Jónsson ber fram skýringar á hliðstæðum fyrirbærum.

Páll Steinarsson sagði frá skólaferðalagi er hann tók þátt í. Þegar ekið var meðfram Bólu í Skagafirði, dró úr honum mátt og lá við að hann sofnaði. En hann hafði beyg af að sofna. Þetta var mjög óviðkunnanleg tilfinning. Þegar komið var fram hjá Bólu hvarf þessi afmögnun. Þegar þetta gerðist var Páll um 15 ára gamall.

Halldór Vigfússon kvað slík fyrirbæri hafa verið algeng á sautjándu öld í Siglufjarðarskarði. Jafnvel urðu menn fyrir slíku, þótt saman væru í hóp. Svart ský kom niður og réðst á einn mann, sem beið bana af. Öldum saman, þegar Íslendingar voru í mestri niðurlægingu, þá gerðust fyrirbærin þannig, að menn sáu t. d. margar sólar á lofti, jafnvel margir saman í einu og gátu slíkar sýnir varað um stund.

Þorsteinn Guðjónsson kvað Þorstein Jónsson hafa ritað um slíka atburði og talið slíkt stafa af sambandi framliðinna við menn hér.

Pál Steinarsson gat þess til, að nærvera manna á sérstökum stöðum geti haft óþægileg áhrif á framliðna menn, vegna vissra minningatengsla við þessa staði, og þessi óþægindi hins framliðna geti svo komið illilega fram á manni, sem hér er staddur.

Ingvar Agnarsson kvað þessi áhrif geta orðið svo sterk að menn og hestar geti beðið bana af. „Hljóta ekki slíkir atburðir að stafa frá einhverri illri veru eða illu aflsvæði á öðrum hnetti? Hér hljóta ill áhrif að vera að verki og er illt að vera óvarinn fyrir slíku“.

Pétur Gíslason: „Þegar slíkt kemur fyrir á vissum stöðum, þá geri ég ráð fyrir, að þetta muni vera í eðli sínu skylt hlutskyggni“.

Svava Jónsdóttir minntist á Stapadrauminn og kvað athyglisverða atburði hafa gerst á Stapanum innan við Njarðvík.

Halldór Pjetursson kvað einnig vera til góða staði, og að slíkum stöðum fylgdi gleði og ánægja. Þar virtist vera gott til sambanda upp á við. Viðvíkjandi hlutskyggni, þá er eins og hluturinn haldi í sér áhrifum frá fyrri eiganda.

Þorsteinn Guðjónsson talaði um góða staði. „Þegar Grete Ahlberg kom með okkur Ingvari fyrir nokkrum árum, upp undir Helgafell ofan Hafnarfjarðar, þá sá hún fagrar sýnir. Frásögn af þessu birtist í Félagsblaðinu á sínum tíma“.

Upplestur:

Svava Jónsdóttir las 2 drauma Sigurlaugar Guðmundsdóttur frá Hornafirði.

Sveinn Haraldsson sagði draum á þessa leið: „Við Þorsteinn Guðjónsson vorum saman í bíl. Hann ók aftur á bak, lenti á steini og beyglaði bílinn. Þá fór Þorsteinn út úr bílnum og fór að herma eftir eiganda hans, með sterkri röddu. — Hér gætu verið stilliáhrif frá kvöldinu áður. — Ég geng nú af stað og sé nokkur börn og einn af drengjunum var nakinn. Ég fann að veður var hlýtt. Mér þótti þetta vera á Álfrólsvogi og þarna var fólk á ferli. Og ég sá að þarna var lækur.“

Í þessum draumi var því mikið um rangþýðingar, því fátt í draumnum líkist raunveruleikanum“.

Þorsteinn Guðjónsson talaði um Sigurrósu Jóhannsdóttur. Hún fær merkileg sambönd við Helga Pjeturss og margvíslegar sýnir. Það eru mörg sambönd, sem leita á hjá henni.

Ingvar sagði frá nýlegum draumi, þar sem hann þóttist sitja til borðs með Þorsteini Guðjónssyni, Þorsteini Jónssyni og þrem útlendingum. Þetta voru auðvitað miklar rangþýðingar. En er draumurinn hélt áfram, sá hann hátt fjall og fagurt og gekk í áttina þangað. Þarna komast rangþýðingar ekki að.

Þorsteinn sagði frá því, að í fyrirlestri um jarðfræði, hefði Sigurður Þórarinnsson getið um Helga Pjeturss sem mikinn jarðfræðing, og einnig, að víst væri, að líf væri á öðrum stjörnum. Hér væri því orðið breytt um tón hjá Sigurði Þórarinssyni, frá því sem áður hefði verið og væri þetta fagnaðarefni, og bæri vott um, að eitthvað væri léttara fyrir í þessum efnum.

Páll Steinarsson sagði frá draumi sem hann dreymdi skömmu áður en sænskur stjörnufræðingur flutti erindi í háskólanum. Hann þóttist aka í vesturátt um sveitina. Þá sér hann í lofti eins og fjögur ljósbönd, öldumynduð, rauð, hvít og bláleit. Eftir að hafa stöðvað bílinn, sér hann hvar fljúgandi diskur kemur yfir hæð framundan og neðantil á honum er gríðarlega mikið ljós, eða upplýstur stafur í líkingu við tölusafinn 7 öfugan. Honum þótti þetta vera á móts við Práandarholt. Þá opnaði hann hurðina, sem var hægra megin og gengur áleiðis að bænum í Práandarholti, en leiðin reyndist styttri, en hún er í raun og veru. Fólk kom út úr bænum. Honum leist betur á að vera innan um fólk, heldur en nálægt þessum flugdiski. Þá sér hann annan flugdisk koma í ljós, bjartan á að sjá, og frá honum stöfudu góð áhrif. Hann kom nálægt í svo sem 100 til 200 metra hæð, og greinilega mátti sjá á honum margar gluggaraðir. En frá þessu bjarta loftfari stafaði eins og hjálp og vernd, svo að dreymandanum fannst hann nú vera verndaður gagnvart fyrri flugdisknum.

Halldór Vigfússon sagðist spá því, að innan 5 ára myndu menn vera orðnir færir um að svífa yfir jörðu. Myndu menn til þess hafa hjálm á höfði og standa á lítilli málplötu.

Nú var kl. orðin 10,45 en þá hófst stjörnufræðipáttur í útvarpinu. Var gert hlé á umræðum og hlustuðu allir á útvarpið. Þorsteinn hafði lagt fram spurningu fyrir þáttinn um hugsanaflutning og um mögulegar heimsóknir milli sólhverfa. Reyndi flytjandi þáttarins að svara, en auðheyrnt var að hann vissi ekki hvað hér var um að ræða.

Að þessu loknu las *Ingvar* upp „**Söguna um stjörnuna Barsoem**“, þar sem fjallaði um sögu Edgar Rice Burroughs „Prinsessuna á Mars“, en þar heitir aðalsöguhetjan John Carter.

Þorsteinn sagði frá því, að á ráðstefnu fyrirburðafræðinga í sumar, hefði einn fyrirlesaranna talað um John Carter's drauma, en í Bandaríkjunum er þessi bók alkunn og hefur haft mikil áhrif.

Fleira var ekki tekið fyrir, og fundi slitið kl. 23,40.

Fundinn sóttu 11 manns.

Ingvar Agnarsson,
fundarritari.

Félagsfundur 5. nóvember 1980

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 5. nóvember 1980 og hófst hann kl. 21,00.

Páll Steinarsson, formaður félagsins, setti fundinn.

Ingvar Agnarsson, las fundargerð síðasta fundar, þann 2. október og var hún samþykkt.

Tillaga um ævifélag. Páll bar fram tillögu um að nokkrum félagsmönnum, em lengi hafa verið virkir félagar, yrði boðið að gerast ævifélagar. Þeir eru eftirtaldir:

1. Ásta Einarsdóttir, Vestmannaeyjum.
2. Hulda Valdimarsdóttir, Reykjavík.
3. Eggert Loftsson, félagsmaður frá 1951.
4. Bjarni Bjarnason, Brekkubæ, Hornafirði, einn af brautryðjendum Nýalsstefnunnar, allt frá útkomu Nýals árið 1920 og félagi í F.N. frá stofnun þess.
5. Guðmundur Þorsteinsson, Klafastöðum, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu. Félagi í F.N. frá stofnun félagsins. Hann er nú 80 ára og farinn að heilsu.
6. Páll H. Árnason, Þórlausgerði, Vestmannaeyjum.

Þorsteinn Guðjónsson ræddi þessi mál og gerði nokkra grein fyrir hverjum einum af þessum félögum, sem um áratuga skeið hafa sýnt svo mikinn áhuga á framgangi hins Nýalska málefnis.

Páll gat þess, að fram hefði komið tillaga um að breyta fundardegi félagsfundanna þannig, að halda þá á miðvikudögum en ekki á fimmtudögum, eins og verið hefur. Flestir virtust mótfallnir þessari breytingu og var ákveðið að fresta afgreiðslu þessa máls til næsta fundar.

Frásögn af undramanni. Guðmundur Jónsson á Kópsvatni las frásögn, sem birtist í *Vísi* þann 29. janúar 1980. Er þar um að ræða 17 ára gamlan dreng, Francisco Duarte sem heima á í Brasilíu. Hann hefur þá sérstæðu hæfileika að geta látið ýmis dýr hlýða sér, t. d. býflugur, vespur, kóngulær, snáka, fiska, froska, rottur og krókodíla. Hafa ýmsir fyrirburðafræðingar rannsakað þessa hæfileika drengsins, án þess að geta skilið, hvaða eiginleikar eru hér að verki.

Framvinda lífsins. Samanburður á þróunarskilningi Teilhards de Chardin og Helga Pjeturss. — Þorsteinn Guðjónsson flutti hluta af fyrirlestri, sem hann hélt í Lögbergi H.Í. sunnudaginn 2. nóvember sl. Rakti hann nokkra þætti úr ævisögu Teilhards, en hann kom fram með ýmsar heimspekikenningar, sem sumar eru mjög í ætt við kenningar Helga Pjeturss, þótt ýmis mikilvæg atriði vanti í kenningar Teilhards. *Alheimslíf* heitir ein af bókum hans, og bókin *Fyrirbærið maður* varð einhver víðlesnasta bók um heimspeki. Teilhard vann einnig að jarðfræðirannsóknum og var einn af þeim, sem uppgötvaðu Pekingmanninn í Kína.

Þórarinn E. Jónsson, rithöfundur, flutti erindi um eigin dulræna reynslu. Hann bar fram margar frásagnir þar að lútandi. Einnig sagði hann frá mörgum atriðum um yfirnáttúrulegar lækningar á sjúku fólki, en Þórarinn hefur mjög fengist við huglækningar. Þá sagði hann einnig nokkuð frá þeim fyrirbærum, er hann telur sig hafa farið sálforum, utan líkamans. Hann kvaðst hafa kynnst Sigurrósu Jóhannsdóttur, huglækni, og fengið gegnum hana boð frá dr. Helga Pjeturss, um að hann ætti að vinna að þessum málum. Eftir Þórarinn hefur komið út bókin: **Valdið dulda**, og von er á bók eftir hann fyrir jólin 1981.

Að loknu erindi Þórarins urðu talsverðar umræður um efni þess og tóku þessir til máls: Guðm. á Kópavatni, Steingerður Þorsteinsdóttir, Svava Jónsdóttir, Gunnar Hjörvar og nokkrir fleiri.

Þórarinn rakti söguna af því, — samkvæmt frásögn í einni af bókum Ólafs Tryggvasonar á Akureyri, — þegar rafmagnsstaur féll á hlaðinu heima hjá honum, nótt eina, og taldi stafa af haturs-hugsunum, sem beint hefði verið til sín.

Pétur Gíslason talaði um undradrenginn í Brasilíu og kvað nauðsynlegt að afla sem besta frekari heimilda og birta svo á prenti sem sannasta lýsingu eða skýrslu á þessum umdraverðu hæfileikum hans.

Sigurrós Jóhannsdóttir sagði frá ýmsu í sambandsreynslu sinni og um lækningar þær sem gerast með hennar tilstilli. Kvað hún samband sitt við Helga Pjeturss vera afar merkilegt, og gætu margir þakkað því sambandi, þær lækningar, sem þeir hefðu orðið aðnjótandi.

Umræður um ýmis fyrirbæri o. fl. héldu enn áfram til fundarloka. Fundi var svo slitið kl. 23,25.
Fundinn sóttu 15 manns.

Ingvar Agnarsson,
fundarritari.

Félagsfundur desember 1980

Of fáir mættu til að formlegur fundur væri haldinn eða fundargerð skráð. En þeir sem mættu ræddu ýmis málefni Nýalstefnunnar, og var eining góð og félagsandi.

I. A.

Til lesenda Félagsblaðs Nýalssinna

Allangur dráttur hefur orðið á útkomu Félagsblaðs Nýalssinna og hefur það ekki komið út síðan í desember 1979, og var það blað nr. 61.

Hefur ýmislegt valdið, einkum það, að lítt hefur borist af efni, er beinlínis snertir félagsmál, eða félagsstarfsemi, annað en það sem fundargerðir segja til um.

Óska ég Nýalssinum allra heilla, og þess með, að hver einn leggi sig sem best fram, að vinna að framgangi þess málefnis, sem við teljum öllum öðrum mikilvægara.

*F. h. Félags Nýalssinna,
Ingvar Agnarsson.*

EFNISYFIRLIT:

Stjórnugrúi í Bogmannsmerki (Sjá forsíðumynd) I. A. Bls. 2

FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:

Félagsfundur 2. janúar 1980	Bls.	3
Félagsfundur 6. febrúar 1980	–	3
Félagsfundur 31. mars 1980	–	6
Aðalfundur 2. apríl 1980	–	7
Lög Félags Nýalssinna	–	11
Félagsfundur 7. maí 1980	–	14
Félagsfundur 5. júní 1980	–	15
Félagsfundur júlí 1980	–	17
Félagsfundur ágúst 1980	–	17
Félagsfundur 4. september 1980	–	17
Félagsfundur 2. október 1980	–	19
Félagsfundur 5. nóvember 1980	–	22
Félagsfundur desember 1980	–	24
Til lesenda Félagsblaðs Nýalssinna	–	24

Stjórnumbandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar
kl. 9 e. h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.